



SAMÞYKKTIR TRYGGINGAMIÐSTÖÐVARINNAR HF.

eftir samþykkt aðalfundar 17. mars 2016 um lækun hlutafjár.

I. kafli.

Nafn, heimili og tilgangur félagsins.

1. grein.

Félagið er hlutafélag. Nafn þess er Tryggingamiðstöðin hf.

2. grein.

Heimili félagsins er að Síðumúla 24, 108 Reykjavík.

3. grein.

Tilgangur félagsins er að hafa með höndum hvers konar váttryggingar aðrar en líftryggingar (frumtryggingar), þ.m.t. endurtryggingar, svo og hliðarstarfsemi sem heimil er að lögum.

Starfssvæði félagsins er Ísland. Starfssvæðið nær einnig til annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu að fullnægðum lagaskilyrðum þar um.

II. kafli.

Hlutfé félagsins.

4. grein.

Hlutfé félagsins er kr. 710.359.709¹ – sjö hundruð og tíu milljónir þrjú hundruð fimmtíu og níu þúsund sjö hundruð og níu krónur – og skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti.

5. grein.

Verði hlutfé aukið skulu hluthafar jafnan hafa forkaupsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skráða hlutaeign sína. Að öðru leyti fer aukningin fram eftir þeim reglum er stjórn félagsins, í samráði við löglega boðaðan hluthafafund, setur í hvert skipti.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækun hlutafjár.

6. grein.

Hlutir í félaginu eru gefnir út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Gagnvart félaginu skal hlutaskrá samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og fundarboð og tilkynningar allar, sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.

7. grein.

Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa. eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal stjórn félagsins setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem skal vera hluthöfum aðgengilegur. Þeir hluthafar sem hyggjast

¹ Tekið hefur verið tillit til lækkunar hlutafjár um kr. 29.034.179 sem samþykkt var á aðalfundi 17. mars 2016 en lækkunin er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins, sbr. 4. mgr. 53. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "AFB", "KF", "J.M.", "SK", and "LMB".

nýta sér rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta það í samræmi við þær reglur sem stjórn félagsins setur.

8. grein.

Engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til sölu á hlutum sínum. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

Hlutir í félaginu veita hluthafa full réttindi, þau er samþykktir félagsins mæla fyrir um. Engin sérstök réttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar verða ekki skyldaðir til að sæta innlausn á hlutum sínum nema lög standi til annars.

9. grein.

Félaginu er óheimilt að veita lán út á hluti í því.

Samþykki hluthafafundur að veita stjórn félagsins heimild lögum samkvæmt til kaupa á eigin hlutum og eftir atvikum með framkvæmd endurkaupaáætlunar skal slíkrar heimildar getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi.

10. grein.

Hver hluthafi er skyldur til, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar af hans hálfu, að hlíta samþykktum félagsins, þeim sem nú eru settar, eða eins og þeim síðar kann að vera breytt á lögmætan hátt.

Hluthafar bera enga ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlutaeign sína í því.

Á ákvæðum þessarar greinar getur engin breyting orðið nema með samþykki allra hluthafa.

III. kafli.

Hluthafafundur.

11. grein.

Innan þeirra takmarka er samþykktir þessar setja hafa lögmætir hluthafafundir æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum.

12. grein.

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Fyrir lok október ár hvert skal stjórn félagsins ákveða dagsetningu aðalfundar á næstkomandi ári og upplýsa um dagsetninguna á vefsíðu félagsins ásamt fresti fyrir hluthafa til að leggja fram mál eða tillögur sem taka á til meðferðar á fundinum, sbr. 2. mgr. 15. gr.

Aukafundi skal halda þegar stjórn félagsins þykir þörf vera á.

Þá skal stjórnin og boða til aukafundar ef kjörinn endurskoðandi eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárins krefjast þess skriflega og tilgreina ástæðu fyrir nauðsyn aukafundar. Stjórnin skal þá senda fundarboð um aukafund innan 14 daga frá því að lögmæt krafa er fram komin. Um boðun fundarins fer eftir því sem mælt er fyrir um í 13. gr. Hafi stjórnin ekki sent fundarboð innan 14 daga frá móttöku kröfunnar er heimilt að boða til fundarins skv. 1. mgr. 87. gr. hlutafélagalaga.

Hluthafafundir skulu haldnir á Íslandi eftir nánari ákvörðun stjórnar félagsins.

13. grein.

Til hluthafafundar skal stjórnin boða minnst þremur vikum og lengst fjórum vikum fyrir fund með auglýsingu í dagblöðum eða á annan sannanlegan hátt. Dagskrár hluthafafundar skal getið í fundarboðinu auk annarra atriða sem þar skal getið lögum samkvæmt.

14. grein.

Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri, sem fundurinn kýs, og stjórnar hann síðan kjöri fundarritara. Fundarstjóri sker úr öllu, sem snertir lögmæti fundarins, samkvæmt ákvæðum

Handwritten notes in blue ink: "Kf", "AK", "Röf", "WAB", and a signature.